

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

846. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. október 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna.
2. Ályktun frá Félagi Héraðsskjalavarða á Íslandi
3. Bréf frá Tónlistarskóla Húnaþings vestra
4. Styrkbeiðnir

Afgreiðslur:

1. **Byggðasafn Húnavetninga og Strandamann.** Lögð fram tillaga að breytingum á stofnskrá safnsins og drög að þjónustusamningi milli eigenda. Byggðarráð samþykkir framlögð drög og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.
2. **Lögð fram til kynningar ályktun frá ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða á Íslandi sem haldin var 24.-26. september sl.** Krafa um endurskoðun á framlagi til héraðsskjalasafna á fjárlögum 2015.
3. **Lagt fram bréf frá Tónlistarskóla Húnaþings vestra** dags. 30. sept. sl. Vegna flutnings grunnskólans til Hvammstanga hefur þrengt mjög að starfsemi tónlistarskólans og er því óskað eftir heimild til taka á leigu sal á neðri hæð í Félagsheimilinu á Hvammstanga undir hluta af starfsemi skólans. Byggðarráð samþykkir erindið.
4. **Styrkbeiðnir.** Lagðar fram styrkbeiðnir sem borist hafa frá síðasta fundi. Samþykkt að vísa þeim til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015. Samþykkt að taka á dagskrá
5. **Lagður fram samningur við eigendur jarðarinnar Reykja í Hrútafirði** vegna mögulegra hitaveituframkvæmda í Reykjalandi. Samningnum vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:14:58

Stefán Böðvarsson

Elín R. Líndal

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir